



ÞINGEYJAR SVEIT

**HVAÐ ER AÐ
FRÉTTA?**



NÓVEMBER 2024

BOLLALEGGINGAR SVEITARSTJÓRA

Síðasta mánuð hefur vinna við gerð fjárhagsáætlunar tekið mikinn tíma hjá starfsfólki en nú sjáum við fyrir endann á þeirri vinnu, fyrri umræða um fjárhagsáætlun 2025 og þriggja ára áætlun er lokið. Fer seinni umræða fram á sveitarstjórnarfundi þann 12. desember.

Mikið var um dýrðir þegar íbúum og gestum var boðið til formlegrar opunar á stjórnsýsluhúsinu – sem fékk nafnið Þingey. Var þetta afar vel heppnaður dagur og heimsóttu okkur fjöldi manns og var dagurinn allur hinn ánægjulegasti.

Starfsfólk skrifstofunnar hefur staðið vaktina í utankjörfundaatkvæðagreiðslu og komið að undirbúningi kosninganna og ber að þakka að þau séu tilbúin til að taka

Þetta er tilvísun til þess að þú getur komið með þínu stöfnum og þínu fjölskyldu til að taka þátt í þessum stöfnum. Þú getur komið með þínu stöfnum og þínu fjölskyldu til að taka þátt í þessum stöfnum. Þú getur komið með þínu stöfnum og þínu fjölskyldu til að taka þátt í þessum stöfnum.

Nú er snjórinn kominn og búið er að gera yfir 40 samninga um snjómokstur í sveitarfélaginu. Í ár var farið í tilraunaverkefni um samstarf við íbúa þar sem þeir gátu sótt um að moka eigin heimreiðar, settar voru fram kröfur varðandi búnað og að undangenginni yfirferð á umsóknum voru 20 aðilar sem fengu samning um heimreiðamokstur.

Þingeyjarsveit og Brák íbúðafélag hses. stefna á uppbyggingu á hagkvæmum leiguíbúðum í Mývatnssveit og hefur verið auglýst eftir byggingaraðilum til samstarfs. Fyrirhugað er að Brák verði þátttakandi í byggingu á tveimur íbúðum þar sem íbúðir Brákar verði annars vegar 65 fermetrar og hins vegar 95 fermetrar að stærð. Gögn fyrir áhugasama samstarfsaðila er hægt að nálgast með að senda tölvupóst á brakibudafelag@brakibudafelag.is og skal gögnum skilað fyrir miðvikudaginn 11. desember 2024.

Það verður líka að hafa gaman og við erum svo heppin að hafa tónlistarkennara í vinnu í Þingey. Hann er byrjaður með Úkulele námskeið fyrir starfsmenn skrifstofunnar og stefnt að því að kennt verði hálfsmánaðarlega. Útsendari heimasíðu Þingeyjarsveitar kíkti inn á fyrstu æfinguna og laumaði myndbandi á samfélagsmiðla sveitarfélagsins,

Nú er aðventan gengin í garð með allri sinni dýrð, jólasveinarnir okkar fara á stjá og gleðja okkur með nærveru sinni. Njótið aðventunnar kæru íbúar.

Jólaþak, Ragnheiður Jóna.



Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir,
sveitarstóri á opnu húsi í Þingey

GLEÐILEGAN SKÍÐAVETUR

Fyrstu skíðagöngusporin eru farin að líta dagsins ljós!

Við hvetjum ykkur kæru íbúar til að láta vita af

skíðagöngusporum á facebook- íbúasiðum sveitarfélagsins.

Raggi í Seli er þegar farinn á stjá og sérstaklega duglegur að

láta vita af sporum.

Njótum saman!





NÝTT HÚS - NÝTT NAFN

Við höldum opið hús í nýju stjórnarsýsluhúsi Þingeyjarsveitar á Laugum og voru íbúar sveitarfélagsins boðnir hjartanlega velkomnir til að skoða nýju húsakynninn og taka þátt í gleðistund með starfsfólki sveitarfélagsins. Viðburðurinn tókst með eindæmum vel og var gleðilegt að sjá góða mætingu íbúa sem nýttu tækifærið til að kynna sér húsnæðið.

Kvenfélag Reykdæla sá um kaffiveitingar og er ljóst að pönnukökurnar munu ekki gleymast í bráð, svo góðar voru þær. Tvö tónlistaratriði ómuðu um húsið, fyrst lék Ástríður Gríma Ásgrímsdóttir sem er í 6. bekk í Þingeyjarskóla lagið Poppballaða nr. 1 eftir Björgvin Þ. Valdimarsson á píanó og þá sungu þær Þórveig Björg Einarsdóttir og Hallveig Birna Jóhannsdóttir sem eru í 5. bekk í Þingeyjarskóla lagið Best í heimi.

Gerður Sigtryggsdóttir oddviti sagði nokkur orð um sögu hússins en bygging þess hófst árið 1962 og var það fyrst og fremst ætlað sem heimavist fyrir þá nemendur Barnaskóla Reykdæla sem komu lengra að, íbúðir fyrir skólastjóra og kennara ásamt mötuneyti nemenda. Hún sagði einkar ánægjulegt að nú hefðu tvær grunnskólabyggingar í sveitarfélaginu fengið nýtt hlutverk en Gígur gestastofa var einmitt eitt sinn grunnskóli. Gígja Sigurbjörnsdóttir fyrrum skólastjóri sagði okkur einnig skemmtilega frá því þegar hún kenndi við skólann og hvernig starfið var í þá daga þegar hún kom til starfa.

Hápunktur dagsins var þegar nýtt nafn á húsið var tilkynnt enda mikil spenna fyrir því. Það bárust yfir 60 tillögur að nafni á húsið og ákvað byggðarráð að fela Dagbjörtu Jónsdóttur, Höskuldi Þráinssyni og sveitarstjóra að yfirfara tillögurnar og leggja fyrir sveitarstjórn.

„Við hittumst á Teams fundi og fórum yfir innsendar nafnatillögur og þær ræddar með tilliti til málfars, beygingareglna, skírskotunar í starfsemi hússins, menningar, sögu og því að íbúar gætu litið á nafnið sem einkonar sameiningartákn. Eftir þessa vinnu stóðu eftir tvö nöfn sem við gátum ekki gert upp á milli og vísuðum því tveim nöfnum til sveitarstjórnar sem tók þá ákvörðun að húsið hlyti nafnið Þingey. Í umsögn valnefndar kom meðal annars fram að nafnið hefur ákveðna skírskotun í sögu og menningu svæðisins og getur verið sameiningartákn nýsameinaðs sveitarfélags“ sagði Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, sveitarstjóri þegar hún tilkynnti nýtt nafn á húsinu og þakkaði þeim Dagbjörtu og Höskuldi fyrir samstarfið. Nafninu var vel tekið af viðstöddum og þykir vel við hæfi.

Sjö sendu inn tillögu að nafninu Þingey, þau eru: Helga Arnheiður Erlingsdóttir, Ellert Guðni Knútsson, Sverrir Haraldsson, Karl Sigurðsson, Anna Dóra Snæbjörnsdóttir, Andrés Erlingsson og Ósk Helgadóttir. Þeim voru færðir blómvendir í þakklætisskyni.

Stemningin var létt og vinaleg. Gestir dvöldu lengi við spjall og nutu samverustundarinnar í nýjum og glæsilegum húsakynnunum.

Þingeyjarsveit þakkar öllum þeim sem mættu og gerðu daginn eftirminnilegan. Þingey mun þjóna sveitarfélaginu um ókomin ár og stuðla að bættri þjónustu við íbúa.





MYNDIR FRÁ OPNU
HÚSI Í ÞINGEY



Upplifðu aðventuna í Mývatnssveit, töfralandi jólanna

7. og 8. DESEMBER 2024

JÓLASVEINAHÁTÍÐIN Í MÝVATNSSVEIT

Laugardagur 7. desember

Opnunarhátíð Jólasveinanna í Dimmuborgum kl 11-14

Heimsæktu Jólasveinana í Dimmuborgum. Sprell, söngvar og gleði svo allir komast í jólaskap! Miðasala á tix.is.

Stóri Jólamarkaðurinn í Skjólbrekku kl 12-17

Fjölbreytt úrval af norðlenskri hönnun og matvöru. Stærsti markaðurinn til þessa! Kvenfélag Mývatnssveitar verður einnig með vöflu og kakósölu.

Jólasveinabaðið í Jarðböðunum við Mývatn kl 16

Jólasveinarnir í Dimmuborgum baða sig einu sinni á ári og eru misgláðir með þá hefð. Sumir gætu hugsað sér margt annað skemmtilegra en í bað skulu þeir!

Sunnudagur 8. desember

Jólasveinarnir í Dimmuborgum kl 11-13

Heimsæktu Jólasveinana í Dimmuborgum. Sprell, söngvar og gleði svo allir komast í jólaskap! Miðasala á tix.is.

Stóri Jólamarkaðurinn í Skjólbrekku kl 12-16

Fjölbreytt úrval af norðlenskri hönnun og matvöru. Stærsti markaðurinn til þessa! Kvenfélag Mývatnssveitar verður einnig með vöflu og kakósölu.

Ekki láta þig vanta í fjörið!

Veljum íslenskt
í jólapakkann!



Jólasveinarnir í Dimmuborgum taka á móti gestum í desember!

Miðasala fyrir heimsóknir og jólasveinabaðið á tix.is



www.yulelads.is
www.visitmyvatn.is

LÍFRÆNIR ÍBÚAFUNDIR

Umhverfisnefnd hélt fjóra íbúafundi um meðhöndlun á lífrænum úrgangi. Nefndin kynnti þar vinnu sem farið hefur fram undanfarna mánuði. Farið var yfir hugmyndir og tækifæri þegar kemur að meðhöndlun lífræns úrgangs. Þessi vinna er nauðsynleg vegna breytinga á lögum um meðhöndlun á úrgangi. Með nýjum lögum er óheimilt að urða lífrænan úrgang með öðru sorpi.

Þar sem sorphringur sveitarfélagsins er um 1.100 km þykir sá kostur að sækja lífrænan úrgang á öll heimili ekki vera fýsilegur með tilliti til kostnaðar og umhverfisáhrifa. Nefndin hefur því verið að skoða aðrar leiðir, þá sérstaklega moltugerð. Gerð var tilraun með jarðgerðarvél á fjórum heimilum í sveitarfélaginu. Í stuttu máli gekk tilraunin framur vonum og er jarðgerðarvélin því talinn álitlegur valmöguleiki ásamt öðrum jarðgerðar kostum s.s. moltutunnu og Bookashi.

Á fundunum var almennur samhugur um að lítil skynsemi væri í því að sækja lífrænan úrgang á hvert heimili. Þá var kynningu á jarðgerðarvél sem möguleika frekar vel tekið. Umræður fundanna voru mjög gagnlegar fyrir áframhaldandi vinnu og ákvörðunartöku um málið. Nefndin mun taka það fararnesti sem þessir fundir veittu henni og nýta til að finna skynsamlega leið við meðhöndlun á lífrænum úrgangi.

Nefndin vill koma á framfæri þökkum til allra sem mættu á fundina og tóku þátt í umræðum um þetta mikilvæga mál.



Frá fundum í Stórutjarnaskóla og á Teams

NÝR UMSJÓNARMAÐUR FÉLAGSSTARFS ALDRAÐRA

Ásdís Erla Jóhannesdóttir hefur verið ráðin umsjónarmaður félagsstarfs aldraðra í Mývatnssveit. Ásdís í Seli er flestum vel kunn og enginn nýgræðingur í skipulagningu slíks starfs og hefur t.d. haldið hin sívinsælu Vordægur fyrir eldri borgara á Sel Hótelu í fjölda ára.

Félagsstarfið hófst 3. desember og verður á þriðjudögum frá kl. 13-16 í Selinu.

Allir 60 ára og eldri velkomnir!

Þingeyjarsveit býður Ásdísi Erlu velkomna til starfa.





MATRÁÐUR Í ÞINGEYJARSKÓLA

Þingeyjarskóli auglýsir eftir matræð í 75% starf frá 1. janúar 2025.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Vinnur undir leiðsögn yfirmatræðs.
- Þátttaka í matseld fyrir nemendur og starfsfólk Þingeyjarskóla.
- Sér um að matur sé samkvæmt lýðheilsuáhrifum, hollur, fjölbreyttur og snyrtilega framborinn.
- Frágangur og þrif í eldhúsi og matsal.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun og reynsla sem nýtist í starfi er kostur.
- Skipulagshæfni, snyrtimennska og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og frumkvæði í starfi.
- Stundvísi og áreiðanleiki.

Þingeyjarskóli er samrekin leik-, grunn- og tónlistarskóli með um 100 nemendur. Lögð er áhersla á samvinnu og sameiginlega ábyrgð starfsmanna á verkefnum skólans. Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til og með 12. desember

Umsóknir berist á netfangið lilja@thingskoli.is.

Frekari upplýsingar veitir Lilja Friðriksdóttir, skólastjóri Þingeyjarskóla, í gegnum tölvupóst lilja@thingskoli.is og í síma 464-3580/847-2372.

ÞJÓNUSTUSTEFNA

Í júní 2021 samþykkti Alþingi nýtt ákvæði við sveitarstjórnarlög sem fjallar um þjónustustefnu í byggðum og byggðarlögum sveitarfélags. Samkvæmt 130. gr. a. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, skal sveitarstjórn móta stefnu fyrir komandi ár og næstu þrjú árin eftir það, um það þjónustustig sem sveitarfélagið hyggst halda uppi í byggðum og byggðarlögum fjarri stærstu byggðakjörnum viðkomandi sveitarfélags.

Þingeyjarsveit leitar eftir ábendingum/athugasemdum við þjónustustefnu Þingeyjarsveitar.

Þeim er hægt að skila inn til og með 10. desember nk.

[Smelltu hér](#) til að skoða þjónustustefnu Þingeyjarsveitar 2025 - 2028

Hægt er að senda inn ábendingu/athugasemd [með því að smella hér](#).



TAKK FYRIR ALLAR PLÖNTURNAR

Pingey er nú full af
dásendar plöntum sem
fegra og fríska

MEIRI SNJÓ, MEIRI SNJÓ, MEIRI SNJÓ...



Snjómokstur í sveitarfélaginu hefur gengið vel í þessari snjólotu. Eins og undanfarin ár greiðir Pingeyjarsveit fyrir mokstur á heimreiðum. Með nýjum snjómokstursreglum var fyrirkomulaginu breytt þannig að í stað þess að moka allt að tvisvar í viku var því breytt í allt að átta sinnum í mánuði. Þetta var gert til þess að geta brugðist betur við og tekið oftari í þeim vikum sem snjóar mest. Ábúendur fengu einnig tækifæri til að moka eigin heimreiðar og voru um 20 sem sóttu um það. Við afgreiðslu þeirra umsókna var fyrst og fremst horft til tækjabúnaðar og fengu allir sem sóttu um.

Sveitarfélaginu er síðan skipt upp í svæði sem voru auglýst til umsóknar fyrir verktaka. Við afgreiðslu þeirra umsókna var reynsla og tækjakostur látin ráða för. Fór svo að þeir snjómokstursmenn sem sóttu um með mestu reynsluna af hverju svæði, fengu sín svæði. Upplýsingar um hvaða snjómokstursmenn sinna hvaða svæði er að finna [HÉR](#).

Þá nýlundu er einnig að finna í nýjum snjómokstursreglum að þeir sem ekki eru með fasta búsetu en hafa lögheimili í sveitarfélaginu geta haft samband við og beðið snjómokstursmenn á sínu svæði um mokstur. Það er hins vegar ætlast til þess að það sé gert með fyrirvara svo snjómokstursmenn geti tekið þær um leið og aðrar heimreiðar. Ef kalla þarf til snjómokstursmenn vegna slíkra heimreiða greiða umbiðjendur helming kostnaðar.

Pingeyjarsveit leggur áherslu á að veita góða þjónustu þegar kemur að snjómokstri. Það er því mikilvægt að gott samband sé milli verktaka og heimreiðareiganda. Við hvetjum því íbúa til að hafa samband við sinn mokstursmann um hvernig snjómokstursþjónustu hver íbúi vill. Ef óskað er eftir því að moka bílplön eða annað sem telst ekki til heimreiða, greiða þeir sem biðja um slíka þjónustu sjálfir fyrir.

HVER ER JÓHANNA MAGNEA STEFÁNSDÓTTIR?

Jóhanna er ræstitæknir í Þingey

„Ég bjó fyrstu sjö ár ævinnar á Selfossi en fluttist svo með fjölskyldu minni í Aðaldalinn. Gekk í Hafralækjarskóla og svo síðar í Laugaskóla.

Ég flutti í Vallakot frá Húsavík 1994 og hef verið bóndi og húsmóðir síðan, auk annara starfa meðfram því. Gift Þórsteini Rúnari og á með honum 3 uppkomin börn, Hönnu, Arnþór og Indíönu og barnabörnin eru orðin 9 talsins. Tónlist er mitt aðal áhugamál og er ég í kór og auk þess í ukulele námi. Ræktun af ýmsu tagi er mér hugleikin og fjölskyldan og vinirnir skipa stóran sess“ segir Jóhanna.

Hún starfar við ræstingar í Þingey sem hún segir vera góðan vinnustað þar sem góður andi ríki.

„Starfið felur í sér umsjón með þrifum ,stinga í þvottavél og uppþvottavél og vökva blóm þegar umsjónarmenn þeirra gleyma sér.

Ég myndi vilja sjá fleiri hjóla og göngustíga í okkar fögru sveit og svo auðvitað meiri fjölbreytni í atvinnulífinu.“



Nefndu einn leyndan hæfileika sem þú býrð yfir.

„Ég get farið í „brú“ eða gat það síðast þegar ég reyndi seint á síðustu öld.“

NÚ SKAL BYGGJA

Brák íbúðafélag og Þingeyjarsveit óska eftir byggingaraðilum til að taka þátt í uppbyggingu íbúða

Þingeyjarsveit og Brák íbúðafélag hses. stefna á uppbyggingu á hagkvæmum leiguíbúðum í Mývatnssveit og auglýsa því eftir byggingaraðilum til samstarfs. Byggingaraðili skal vera aðalverktaki, annast framkvæmd verkefnis og afhenda fullfrágengnar íbúðir í samráði við sveitarfélagið og Brák.

Fyrirhugað er að Brák verði þátttakandi í byggingu á tveimur íbúðum þar sem íbúðir Brákar verði annars vegar 65 fermetrar og hins vegar 95 fermetrar að stærð.

Gögn fyrir áhugasama samstarfsaðila er hægt að nálgast með að senda tölvupóst á brakibudafelag@brakibudafelag.is og skal gögnum skilað fyrir miðvikudaginn 11. desember 2024.

Við val á byggingaraðilum til samstarfs verður tekið tillit til reynslu aðila ásamt hagkvæmni og gæðum lausna.

Nánari upplýsingar veita Einar Georgsson framkvæmdastjóri Brákar íbúðafélags (einar.georgsson@brakibudafelag.is) og Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri Þingeyjarsveitar (rjona@thingeyjarsveit.is).





LEIKSKÓLAKENNARI

Leikskólakennari óskast til starfa við leikskólann YI í Mývatnssveit sem fyrst. Um er að ræða 100% starf.

Ylur er tveggja deilda leikskóli í Mývatnssveit en grunnskólinn Reykjahlíðarskóli og leikskólinn Ylur eru samreknir. 22 nemendur eru í leikskólanum á aldrinum 1 árs til 5 ára. Leikskólinn er grænfána- og heilsueflandi leikskóli sem leggur áherslu á heilsueflingu, vináttu, leik og útikennslu. Mikið og gott samstarf er á milli leik- og grunnskólans og íþróttamiðstöðvarinnar.

Um er að ræða spennandi starf fyrir metnaðarfullan starfsmann. Leitað er að einstaklingi með góða hæfni og lipurð í samskiptum, með góða þekkingu og reynslu af leikskólastarfi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Að vinna að uppeldi og menntun leikskólabarna samkvæmt stefnu og skipulagi skólans undir stjórn yfirmanns.
- Vinna í nánu samstarfi við foreldra/forráðafólk nemenda
- Taka þátt í samstarfi við ýmsar stofnanir og sérfræðinga sem tengjast leikskólanum í samráði við yfirmann
- Sinna verkefnum er varðar uppeldi og menntun nemenda sem yfirmaður felur honum

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leikskólakennaramenntun, uppeldismentun eða önnur menntun sem nýtist í starfi.
- Færni í samskiptum.
- Frumkvæði í starfi.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Góð íslenskukunnátta
- Reynsla af starfi leikskólakennara er mikill kostur

Lögð er áhersla á samvinnu og sameiginlega ábyrgð starfsmanna á verkefnum skólans. Gerðar eru kröfur um mikla hæfni í mannlegum samskiptum, stundvísi, hreint sakarvottorð og hafa náð þrepi C1 í íslensku. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Við leitum að starfsfólki sem..

- Treystir sér í faglega og metnaðarfulla vinnu
- Hefur brennandi áhuga á að starfa með börnum
- Er lausnamiðað og vill taka þátt í samstarfi og teymisvinnu
- Hefur reynslu/menntun af uppeldis- og kennslustörfum með ungum börnum

Umsóknarfrestur er til 20. desember 2024. Umsóknir skal senda til skólastjóra hjordis@reykjahlidarskoli.is Með umsókn skal fylgja greinagóð ferilskrá, kynningarbréf og meðmælendur.

Frekari upplýsingar gefur skólastjóri, Hjördís Albertsdóttir, hjordis@reykjahlidarskoli.is og í síma 464-4375.



FUNDADAGATAL ÞINGEYJARSVEITAR

DESEMBER

- 5. Byggðarráð
- 5. Fræðslu- og velferðarnefnd
- 9. Atvinnu- og nýsköpunarnefnd
- 10. Íþrótt- og tómstundanefnd
- 11. Skipulagsnefnd
- 12. Umhverfisnefnd
- 12. Sveitarstjórn

Smelltu [HÉR](#) til að lesa síðustu fundargerð sveitarstjórnar.

Allar fundargerðir nefnda má finna á thingeyjarsveit.is

Hlaupastelpan

Dagfundi og ábyrgðarmáður: Dagry Þéarsdóttir-hlaupastelpan@tj.is - s: 8953366

Við minnum á að Hlaupastelpan birtist rafrænt á [heimasíðu](#) Þingeyjarsveitar og kemur að jafnaði út vikulega.

FYLGDU ÞINGEYJARSVEIT Á INSTAGRAM OG FACEBOOK



Eftirtaldir starfsmenn verða með viðveru í Mývatnssveit sem hér segir í desember:

Margrét Hólm Valsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs (staðgengill sveitarstjóra)

18. desember frá 10-14 í Gíg.

Ásta F. Flosadóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs

18. desember frá 10-14 í Gíg

Ingimar Ingimarsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs

Á miðvikudögum frá 10-14 í Gíg.

Rögvaldur Harðarson byggingarfulltrúi

11. desember frá 10-14 í Gíg.

Hægt er að bóka viðtalstíma á öðrum dögum eftir samkomulagi.

Beiðnir um viðtalstíma sendist á netfangið:

thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is eða í síma 512 1800

Skráðu þig á póstlistann

Skráðu netfangið þitt á póstlista
Þingeyjarsveitar og fáðu sendar
fréttir og tilkynningar í tölvupósti.

SKRÁ MIG

**Skráðu þig á póstlista
sveitarfélagsins á thingeyjarsveit.is
og fáðu allar fréttir sendar beint til
þín!**

Næsta fréttabréf kemur út í febrúar 2025

Fréttabréf Þingeyjarsveitar 1. árg. 10. tbl.

Ritstj. og ábyrgðamaður: Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri

Umsjón: Mývatnsstofa - Úlla Árdal

Þingeyjarsveit, Þingey á Laugum

Sími: 512 1800

Netfang: thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is